

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/2198
komudagur 12.5.2010

Reykjavík, 10. maí 2010
EBG/--

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002 með síðari breytingum á 138. löggjafarþingi, þskj. 902 – 515. mál
Tilv. 2010050028

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. maí 2010.

Bændasamtök Íslands leggjast gegn því að frumvarpið verði samþykkt í núverandi mynd en með því er lagt til að úrvinnslugjald á heyrúlluplast verði hækkað úr 3 kr/kg. í 5 kr/kg., eða um 67%. Heyrúlluplast hækkaði sl. ár um 36% til bænda. Hækkunin hefur óhjákvæmilega bein áhrif á rekstrargrundvöll búrekstrar bænda og kemur sérlega illa við þá en stéttin þarf síst á að halda hækkunum á álögum nú. Aðfangaverð hefur hækkað mikið að undanfögnu sem hefur gjörbreytt rekstrarforsendum þeirra til hins verra.

Virðingarfyllst

f.þ. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson

lögfræðingur